

Nd.

255. Frumvarp til laga

[137. mál]

um breyting á lögum nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Matthías Bjarnason, Steinþór Gestsson,
Eggert Haukdal, Ólafur G. Einarsson, Sverrir Hermannsson.

1. gr.

Á eftir fyrri málslið fyrri mgr. 3. gr. laga nr. 80 frá 1938 komi nýr málsliður:
Skylt er að viðhafa hlutfallskosningu innan stéttarfélaga með 300 félagsmenn eða fleiri til stjórnar og trúnaðarstarfa, við kosningu fulltrúa til landssambandsþinga og þinga heildarsamtaka, ef 1/5 hluti félagsmanna krefst þess. Við kjör stjórnar á landsambandsþingum og á þingum heildarsamtaka skal viðhafa hlutfallskosningu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 100. löggjafarþinginu, en varð eigi útrætt. Eftirfarandi greinargerð fylgdi þá með frumvarpinu:

Sú lýðræðiskrafa hefur lengi verið uppi, að hlutfallskosningar verði teknar upp í stéttarfélögum. Hafa frumvörp í þá átt verið borin fram á Alþingi. Nú nýlega hefur þessi krafa verið ítrekuð. Á fundi verkalýðsráðs Sjálfstæðisflokksins, sem haldinn var að Hellu á Rangárvöllum 14. og 15. október 1978, var gerð eftirfarandi samþykkt:

„Ráðstefnan felur stjórn verkalýðsráðs að hefja nú þegar undirbúning að gerð lagafrumvarps um hlutfallskosningar við stjórnar- og fulltrúakjör í launþegasamtökunum. Stóraukið vald samtaka þessara og beiting þess á sviði efnahags- og atvinnumála þjóðarinnar gerir þá kröfu til Alþingis, að það setji slík lög. Slík löggjöf mun draga úr hættu á því, að valdi samtakanna sé misbeitt í pólitískum tilgangi, og tryggja eftirlit og gagnrýni lýðræðislega kjörins minni hluta.“

Á fundinum var samþykkt að óska eftir því við þingflokk Sjálfstæðisflokksins að taka mál þetta til flutnings á Alþingi. Nokkru síðar var haldinn sameiginlegur fundur verkalýðsráðs og þingflokks um þetta mál og önnur, sem rædd voru á Hellu-fundinum.

Í febrúar 1979 sendi þingflokkur og miðstjórn Sjálfstæðisflokksins frá sér ítarlega stefnuýfirlýsingu um efnahagsmál o. fl. og ber hún heitið „Endurreisn í anda frjálsþyggju“. Í áttunda kafla þessarar stefnuýfirlýsingar er fjallað um kjaramál og skyld atriði. Þar er því lýst yfir, að Sjálfstæðisflokkurinn skuli stuðla að því „að koma á hlutfallskosningum í stéttarfélögum“.

Með þessu frv. er lagt til, að innan stéttarfélaga með 300 félagsmenn eða fleiri geti fimmtí hluti félagsmanna krafist þess, að hlutfallskosning sé viðhöfð til stjórnar og annarra trúnaðarstarfa og við kosningu fulltrúa til landssambandsþinga og þinga heildarsamtaka. Á þingum slíkra heildarsamtaka skal kjósa stjórnir með hlutfallskosningu.

Hlutfallskosningar eru einn þáttur lýðræðis. Þær miða að því að tryggja rétt minni hluta. Hér á landi er hlutfallsfyrirkomulagið viðhaft við kosningar til Alþingis og til sveitarstjórnar, en einnig til dæmis við kosningar til Búnaðarþings.